25. jan. 1976 kl. 14:15 er aftur mættur til skriflegrar skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Sævar Marinó Ciesielski.

Hann kveðst vilja breyta fyrri skýrslu sinni frá 22. þ. m. að nokkru og bæta við hana.

Áminntur um sannsögli skýrir Sævar Marinó frá eftirfarandi: Þar sem ég talaði um, að ég hefði verið í bifreið með þeim Magnúsi Leópoldssyni, Einari Bollasyni og Geirfinni Einarssyni, þá sagði ég, að ég hefði farið úr bifreiðinni við Hótel Borg. Það er ekki rétt, því ég fór úr henni við Klúbbinn, en þangað var ekið, eins og fram kom.

Ég sagði frá því, að Einar hefði nokkrum dögum síðar hringt heim til móður minnar að Grýtubakka 10, þar sem ég var staddur, ásamt Erlu Bolladóttur. Það er ekki rétt. Erla var ekki stödd þar og það var hún, sem hringdi til mín og kvaðst vera stödd heima hjá Einari bróður sínum. Hún spurði mig fyrir Einars hönd um það, hvort ég væri búinn að kanna möguleika á dreifingu áfengis, en ekki Einar sjálfur. Þegar ég var svo sóttur heim að Grýtubakka skömmu síðar, þá var Erla í bifreið þeirri, sem sótti mig. Í henni voru einnig, þeir Einar og Magnús, en ekki Valdimar Olsen, eins og ég sagði áður. Í stað Valdimars, þá var Kristján Viðar Viðarsson í bifreiðinni. Einar sagði mér, að verið væri að leggja af stað til þess að sækja áfengissendingu, sem koma ætti í land í Keflavík og bauð mér að koma með, hvað ég þáði. Ekki man ég gjörla hvað rætt var í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur, eða hvort komið var við einhversstaðar hér í borginni áður en lagt var af stað. Einar ók bifreiðinni, en ég sat við hlið hans, en í aftursætinu sátu þau Magnús, Erla og Kristján Viðar. Ég sagði í fyrri skýrslu minni, að bifreiðin hefði verið af Fiat-gerð, en við nánari umhugsun tel ég það ekki víst og gæti þetta því hafa verið bifreið af einhverri annarri gerð.

Þegar til Keflavíkur kom, þá var ekið í gegnum bæinn og síðan niður með nokkuð stórri byggingu, sem stóð nokkuð út úr eða í útjaðri bæjarins. Þetta hefur sennilega verið slippur, því ég man eftir bátum á þurru landi á milli byggingarinnar og flæðarmálsins. Þarna niður af var bryggja og við hana bátur. Ekki var þetta stór bátur, heldur "trilla", ca. 10 smálesta,

annars hef ég lítið vit á stærð báta. Lítið stýrishús var á bátnum og niðurgangur í lúkar frammi í bátnum. Slæm lýsing var þarna á staðnum og held ég, að birta sú, sem þarna var, hafi komið frá ljósum, sem voru á fyrrnefndri byggingu. Einhver ljós voru einnig á bátnum, að mig minnir. Þegar við komum þarna að, þá voru þar fyrir tvær bifreiðar. Önnur var fólksbifreið, sem mig minnir, að hafi staðið aðeins úti á bryggjunni, og svo stór sendibifreið, sem stóð efst á bryggjunni, eða þar sem land og bryggja mættust. Sitt hvoru megin bryggjunnar var sandfjara. Þarna við eða í bifreiðunum voru nokkrir menn, sem ég ekki bar kennsl á, enda dimmt. Síðar sagði Erla mér, að þarna hefði verið Geirfinnur Einarsson og Valdimar Olsen, ég sá þá ekki þarna svo ég muni. Ég held þeir Magnús og Kristján Viðar hafi farið fyrst út úr bifreiðinni og sagði Magnús eitthvað á þá leið við Kristján Viðar, að hann kæmi með sér. Erla fór um svipað leyti út úr bifreiðinni og fóru þau öll þrjú út á bryggjuna, enda hafði Erla spurt Magnús hvort ekki væri í lagi, að hún færi með í sjóferðina. Því var ekkert til fyrirstöðu og fóru þau öll um borð í bátinn. Við Einar fórum út úr bifreiðinni rétt á eftir þeim hinum, en fórum ekki út á bryggjuna. Þarna voru fleiri menn, sem bæði virtust vera úr sendibifreiðinni og svo úr hinni fólksbifreiðinni. Auk þeirra þriggja, sem ég hef þegar sagt að hafi farið um borð í bátinn, þá fóru þrír karlmenn aðrir, sem ég ekki bar kennsl á sakir myrkurs, en einn þeirra mun hafa verið Geirfinnur, eftir því, sem Erla sagði mér síðar. Þrír menn voru eftir í landi, auk okkar Einars. Einn þessara manna man ég, að var nokkuð eldri en hinir, að því mér fannst. Erla talaði síðar eitthvað um þennan mann. Það leið ekki löng stund frá því við komum þarna á staðinn og þar til báturinn sigldi frá bryggjunni. Rétt á eftir fórum við Einar aftur inn í bifreiðina og ókum á brott. Í fyrri skýrslu minni greindi ég frá því hvert við ókum. Hvað varð um hinar bifreiðarnar, það skal ég ekki segja.

Mér skildist á Einari, að við ættum að vera komnir á staðinn aftur eftir ákveðinn tíma. Þegar við svo komum aftur, þá va r báturinn kominn að bryggjunni og verið var að skipa upp úr honum og setja inn í sendibifreiðina, sem þá hafði verið ekið afturábak út á bryggjuna, en færa fólksbifreiðina enn lengra út á bryggjuna. Við Einar fórum út úr bifreiðinni og gengum

niður í flæðarmálið. Ég sá, að eitthvað var verið að taka úr bátnum og setja í sendibifreiðina, en ekki sá ég hvað það var, eftir því sem ég man. Síðar sagði Erla mér, að það náð hefði verið í töluvert mikið magn af Vodka 75% og svo spíritus í brúsum. Einnig, að settar hefðu verið í bifreiðina einhverjar netadræsur. Við Einar gengum svo aftur í átt að bifreiðinni og kom Magnús þá til okkar. Þá var það, sem hann sagði, að þetta hefði "reddast", en slys hefði orðið, því Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað. Við settumst svo allir þrír inn í bifreiðina og ókum áleiðis hingað til borgarinnar. Erla kom ekki aftur í bifreiðina og man ég ekki betur, en Magnús hefði talað um, að hún kæmi með annarri bifreið. Mér var svo ekið heim til móður minnar, en ekki veit ég hvert þeir Einar og Magnús fóru. Ekki var Erla þá komin þangað heima og kom ekki um nóttina, og hitti ég hana ekki fyrr en daginn eftir, að ég fór í íbúð þá, sem hún hafði á leigu við Hjallaveg. Þar var Erla þá fyrir og þegar ég spurði hana hvernig hún hefði komist hingað til borgarinnar, þá sagðist hún hafa komið með Valdimari. Þá var það, sem Erla sagði mér hverjir hefðu farið út með bátnum auk hennar og nefndi nöfn einhverra manna, sem ég ekki lengur man, nema nafn Geirfinns. Eitthvað talaði Erla um, að hún vissi ekki hvað af honum hefði orðið. Ég sá ekki, þegar báturinn kom að landi og veit því ekki hversu margir bátsverja komu til baka.

Mér hefur nú verið ekið til Keflavíkur og mér þar sýndir þeir tveir staðir, sem um gæti verið að ræða, það er sjálf höfnin og svo athafnasvæði Dráttarbrautar Keflavíkur og bryggjan þar niður af. Ég tel mig þess fullvissan, að þeir atburðir, sem ég hef hér lýst, áttu sér stað við dráttarbrautina og þekki ég þann stað með vissu aftur. Sjálf höfnin kemur alls ekki til greina.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:30.

Upplesið, staðfest:
Sævar Marinó Ciesielski

Vottar:
Sigurbj. V. Eggertss.
Gunnar Marinósson
Jón [illegible]sveinsson

E. N. Bjarnas. lögr.m.